

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 107/1950. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði hefur framið verknað, sem lýst er í 2. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940, og verður samkvæmt því, sem í ljós er leitt, að meta honum verknað þenna til gáleysis. Eigandi bátsins v/s Leós hefur lýst því fyrir dómi, að hann geri engar kröfur á hendur ákærða. Brestur því skilyrði til að refsa ákærða, sbr. 3. og 4. málsgrein nefndrar greinar. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað af sökinni ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að rannsaka háttsemi ákærða og feril að undanfögnu svo og afla hegningarvottorðs hans utan Vestmannaeyja.

Dómsorð:

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns Eiríkssonar skattstjóra, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 7. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. f. m., er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu, útgefinni 9. júní 1950, birtri s. d., á hendur Oddsteini Friðrikssyni vélstjóra, Helgafellsbraut 23, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 18. og 27. kafla almennra hegningarlaga til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Enn fremur til greiðslu skaðabóta til Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja að upphæð kr. 1360.00, en fjárhæð þessa innti ákærði af hendi hinn 12. júní s.l., eða þrem dögum eftir, að stefna var gefin út.

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, er fæddur að Rauðhálsi í Dyrhólahreppi 27. júní 1903 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

1927 20/6 Kærður fyrir þjófnað úr bátum. Fellt niður.

1933 24/3 Dómur: 50 kr. sekt fyrir ölvun, sýknaður í Hæstarétti 20/11 1933.

1934 8/9 Sátt: 60 kr. fyrir ölvun og óspektir.

1934 9/10 Kærður fyrir meintan þjófnað. Fellt niður, þar sem brot virtist ekki fyrir hendi.

Auk þess hefur ákærði nokkrum sinnum verið undir rannsókn fyrir meinta ikveikju í bátum.

Tildrög málsins eru eftirfarandi:

Í vor, sem leið, var ákærði vélstjóri á v/s Leó Ve. 294. 3—4 dögum fyrir hvítasunnu kom báturinn úr róðri, og daginn eftir byrjaði ákærði á vín-drykkju og hélt því áfram næstu daga. Á áliðnum degi á hvítasunnudag hinn 28. maí s. l. fór ákærði niður í v/s Leó, þar sem hann lá við austur-brún Básaskersbryggju uppi í krikanum hjá oliutönkunum. Var ákærði þá talsvert undir áhrifum áfengis. Hann átti geymdar 2 flöskur af brenni-víni í lúkar bátsins, aðra fulla, en hina með slatta á. Kabýssan er í lúk-arnum og hituð upp með olíu. Ákærði kveikti á kabýssunni og hitaði sér vatn til þess að blanda með vínið. Sat hann síðan góða stund niðri í lúk-arnum og drakk vínið í heitu vatni og reykti sigarettur. Hann var einn. Lauk hann úr flöskunni, sem slattinn var á, og fór síðan upp og hafði hina flöskuna meðferðis. Var hann þá búinn að dvelja þarna í bátinum í ca 2 tíma samkvæmt því, sem hann sjálfur gizkar á. Hann kveðst halda, að hann hefði slökkt á kabýssunni, er hann fór upp úr bátinum, en að því er virðist, lét hann jafnan lifa á kabýssunni, meðan hann var þar. Gekk hann síðan upp í bæ og fór veginn fram hjá Tangahúsunum og inn á Strandvegin og þaðan upp Bárustíginn. Á Bárustígnum hitti hann nokkra menn saman á gangstéttinni hjá húsinu Görðum. Meðal þeirra var Jón Einarsson í Berjanesi, og gaf ákærði sig á tal við hann. Ákærði var þá allmikið drukkinn, og spurði Jón, hvort hann mætti koma heim til hans, og tók Jón því ekki fjarri. Gekk Jón síðan með ákærða vestur Vestmanna-brautina og ætlaði sér að reyna að losna við hann, en það tókst ekki, og varð það úr, að ákærði fór heim með honum. Ákærða var gefið kaffi, og tók hann þá fram vínflöskuna og lét út í hjá sér. Eftir dálitinn tíma fór brunalúðurinn af stað, og fór ákærði upp úr því að búa sig til brottferðar.

Jón í Berjanesi frétti von bráðar, að eldurinn væri í v/s Leó, og sagði ákærða frá því. Ákærði var þá að búa sig til brottferðar og svaraði eitt-hvað á þessa leið: „Nú, er það svo“. Síðan fór ákærði og hélt heim til sín og kvaðst hafa farið að sofa. Daginn eftir hélt ákærði áfram vindrykkjunninni og næstu daga á eftir. Á föstudag var hann tekinn til yfirheyrslu, og var hann þá enn drukkinn.

Eins og ofanritað ber með sér, varð elds vart í m/s Leó, stuttu eftir að ákærði fór þaðan. Meðal þeirra, sem fyrstir komu að skipinu, eftir að kviknað var í því, voru Gunnar M. Jónsson, Sævar Benónýsson og Kristján Sigurjónsson. Klukkan var um 11 e. h., er þeir komu á vettvang. Rauk þá mikið upp úr lúkarnum, upp úr lúgarskappanum, loftventlinum (loftrörinu) og víðar. Þeir fundu fötu aftur í stýrishúsi og tóku að ausa með henni sjó niður um loftrörið, sem er yfir kabyssunni. Er þeir litu niður í loftrörið, sáu þeir bjart bál niðri í lúkarnum. Helltu þeir mörgum fötum niður um loftrörið, og slokknaði í eldinum við þetta. Síðan fór Sævar niður í lúkarinn og hafði blautan klút fyrir vitum sér. Var þá mikill reykur og svæla niðri og eldurinn í horninu bak við kabyssuna. Sævar aðgætti í 2 kojur, til þess að vita, hvort nokkur maður kynni að vera þar, en varð einskis manns var. Eftir stutta stund fór hann upp aftur, enda var ekki lift niðri fyrir reyk og svælu. Síðan fór Sævar aftur niður í lúkarinn og tók sér stöðu við stigann, en Kristján Sigurjónsson fór niður í stigann, og var fatan síðan handlönguð niður til Sævars, sem jós með henni á eldinn í horninu bak við kabyssuna. Mörgum fötum var ausið á þenna hátt, og tókst brátt að slökkva eldinn. Um það leyti kom brunaliðið á vettvang, og voru brunaslöngurnar settar í gang, en það gekk seint. Einn brunaliðsmaðurinn, Bergur Elías Guðjónsson, setti á sig reykgrímu og fór niður í lúkarinn, en varð ekki var við neinn eld, en hins vegar var allt á kafi í reyk þar niðri. Hann hafði tvö slökkvitæki meðferðis, og sprautaði hann úr þeim báðum um lúkarinn. Fór hann svo upp, en rétt strax fór hann aftur niður og Valtýr Snæbjörnsson með honum. Eld sáu þeir ekki, en reykjarkaf var mikið og allt sjóðandi heitt, sem þeir snertu á. Fóru þeir upp von bráðar, en eftir ca 1 mínútu gaus upp eldhaf í lúkarnum. Fóru þeir þá niður enn og höfðu brunaslöngurnar með sér. Mættu þeir eldinum í lúgarsstiganum á leiðinni niður. Var síðan dælt sjó með slöngunum í eldinn, og slokknaði hann von bráðar. Er búið var að dæla dálitla stund á eldinn, varð brunadælan óvirk fyrir mistök. Fengu þeir þá 3 fötur af sjó niður til sín og slöktu eldinn með þeim til fullnustu.

Slökkvistarf brunaliðsins tók um hálf tíma. Er brunaliðsmennirnir voru í lúkarnum, var eldurinn mestur aftast í lúkarnum stjórnborðsmegin. Lifði eldurinn lengst þar í horninu bak við kabyssuna. Beygði Bergur Elías sig yfir kabyssuna og seildist út í hornið og voru þar stígvél og fatadrasl, sem glóð var í. Honum virtist kabyssan köld, enda hafði þá miklu af sjó verið ausið eða dælt yfir hana. Hann athugaði einnig kranann á olfuleiðslunni yfir kabyssunni, og var hann lokaður. Tveir kranar eru á olfuleiðslunni, annar uppi á þilfari og er jafnan opinn, en hinn niðri í lúkar yfir kabyssunni. Eigandi skipsins, Þorvaldur Guðjónsson, kom um

borð í þann mund, sem brunaliðið kom, og lokaði strax krananum á þilfarinu.

Nokkru eftir að brunaliðið var farið, um kl. 12 á lágnætti, fór eigandi bátsins niður í lúkarinn. Sá hann glóð í loftinu aftan til í lúkarnum. Slökkti hann glóðina með aðstoð annars manns, sem var með honum. Eftir það varð einskis elds vart.

Talsverðar skemmdir urðu af völdum eldsins. Skilrúmið milli lúkars og lestar, sem kabyssan stendur við, skemmdist mikið af eldi. Öll málning eyðilagðist í lúkarnum, þilfarsplankarnir og þilið bak við kojuopin stjórnborðsmegin sviðnuðu af eldinum. Tjónið var metið á kr. 1700.00 af virðingarmönnum Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja.

Enginn bátur lá utan á v/s Leó, þegar íkveikjan átti sér stað. Hins vegar lá bátur aftan við hann og sneri hliðinni að austurbrún bryggjunnar. Aðrir bátar virðast ekki hafa verið þarna í nánd.

Upptök eldsins eru ókunn. Sennilegast er, að kviknað hafi út frá kabyssunni. Frágangurinn á oliukyndingartækjunum virðist hafa verið viðunandi, enda höfðu þau verið í notkun um nokkurt skeið og ekki borið á neinum sérstökum misfellum. Kraninn, sem lokar fyrir oliugjöfina, virðist hafa verið þéttur, en frárennslisrör frá eldstæðinu var ekkert. Ákærði segir, að í umrætt skipti hafi slokkað á kabyssunni, rétt eftir að hann kveikti á henni, kveikti hann þá að nýju og jók oliugjöfina og að því er hann minnti, var síðan lifandi á henni, þangað til hann fór. Ákærði kvaðst álíta líklegast, að kviknað hafi út frá kabyssunni, og kveðst vera mjög hræddur um, að íkveikjan væri sér að kenna. Hins vegar hefur hann neitað því eindregið, að hann hafi ætlað sér að kveikja í bátnum. Taldi hann sennilegast, að hann hefði gleymt að loka krananum, áður en hann fór upp úr bátnum, en samkvæmt því, sem fyrr segir, taldi Bergur Elías, sem athugaði kranann, meðan bruninn stóð yfir, að kraninn hefði verið lokaður. Þá hefur ákærði talið möguleika á, að íkveikjan hafi stafað af því, að hann hefði farið gáleysislega með eldspýtur. Kvaðst hann hafa verið síreykjandi, meðan hann var niðri í lúkarnum, og ýmist kveikt í sigarettunum með sigarettustubbum, sem hann var búinn að reykja, eða með eldspýtum. Eldspýtu kunni hann að hafa kastað í ógáti út í horn bak við kabyssuna, sem þar hafi valdið íkveikju í oliubornum tvísti eða drasli, sem þar var.

Sá möguleiki er til, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða, en tæplega er unnt að gera ráð fyrir slíku í þessu tilfelli.

Eins og framanritað ber með sér, varð elds vart í bátnum, stuttum tíma eftir að ákærði fór úr bátnum, og ekki vitanlegt, að nokkur annar maður hafi komið í bátinn á því tímabili. Ákærði hafði eld um hönd, bæði var logandi á kabyssunni og eins notaði hann eldspýtur við sigarettureykningar, og var mikið drukkin. Er hann frétti um íkveikjuna, var hegðun hans óvenjulega kæruleysisleg. Hann hefur sjálfur álitíð, að líklegt sé, að eldsvoðinn hafi verið af sínum völdum. Allt þetta bendir til, að hann hafi á saknæman hátt orðið valdur að brunanum. Hafi eldsvoðinn stafað af íkveikju vegna logandi eldspýtna, er ljóst, að um saknæmt gáleysi

hefur verið að ræða frá hans hálfu. Hafi íkveikjan stafað frá kabyssunni, er sennilegast, að ákærði hafi annaðhvort skrúfað illa fyrir kranann, áður en hann fór, eða gefið fyrr of mikla olíu, en hvorttveggja gat valdið því, að eldur myndaðist í öskunni í öskustónni og sótlögi gosið fram úr kabyssunni. En þótt aðrar ástæður hefðu legið til þess, að eldur frá kabyssunni hefði borizt út í lúkarinn, verður ekki hjá því komizt að gefa ákærða það einnig að sök. Honum bar skylda til að ganga úr skugga um, áður en hann yfirgaf lúkarinn, að eldshætta gæti ekki stafað frá kabyssunni. Ljóst er af rannsókn málsins, að þetta hefur hann ekki gert. Hann virðist alls ekki hafa aðgætt, áður en hann fór, hvort dautt væri í kabyssunni, og því síður hinkrað við til þess að gæta að, hvort kvikna kynni í öskunni, eða yfirleitt aðgætt, hvort kabyssan kynni að geta valdið eldshættu. Þykir því verða að líta svo á, að hann hafi orðið valdur að brunanum fyrir vítavert gáleysi. Með því að báturinn var afsíðis og almannahætta gat ekki stafað af brunanum, ber að heimfæra brot hans undir 257. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga. Með tilliti til þess, að ákærði sat 4 daga í gæzluvarðhaldi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt sömu grein kr. 800.00 í sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Svo greiði ákærði allan kostnað af máli þessu áfallinn og áfallandi, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt og málsvarnarlaun Jóns Eiríkssonar skattstjóra, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 350.00.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Oddsteinn Friðriksson, greiði kr. 800.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Hann greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt og kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Eiríkssonar skattstjóra.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.